

Glæra 1




Heilbrigðisráðherra, Landlæknir, forstjóri og aðrir ársfundargestir.
Ég mun nú gera grein fyrir ársreikningi Landspítala fyrir árið 2017!

Venjubundin áritun ríkisendurskoðanda í kjölfar endurskoðunar felur í sér staðfestingu þess að ársreikningur gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu, afkomu og breytingu á handbæru fé í samræmi við lög. Fyrir árið 2017 er niðurstaða ríkisendurskoðanda hins vegar sú, að ekki er látið í ljós álit á ársreikningum heldur er um að ræða "áritun án álits".

Ástæða þessa er innleiðing á nýjum reikningsskilareglum eftir gildistöku nýrra laga um opinber fjármál og á alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IPSAS. Stjórnvöld vinna nú að innleiðingunni, þar á meðal atriðum sem hafa verulega þýðingu fyrir reikningsskilin og valda óvissu þannig að ríkisendurskoðandi gefur ekki út álit á ársreikningi fyrir árið 2017. Um er að ræða færslur bæði í rekstrarreikningi og í efnahagsreikningi og verður nánari grein gerð fyrir þeim síðar.

Umræddar færslur eru byggðar á stjórnvaldsfyrirmælum og hefur fjármála- og efnahagsráðuneytið lýst því yfir að heimilda Alþingis verði aflað fyrir þeim síðar.

Glæra 2

REKSTRARREIKNINGUR			
<i>Fjárhæðir í milljónum króna</i>	2017	2016	Mism
Fjárheimildir til rekstrar	65.384	60.897	7,4%
- þar af rekstrartekjur	8.498	8.272	2,7%
Launagjöld	48.415	43.552	11,2%
Rekstrargjöld	16.167	15.000	7,8%
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	785	-	-
Stofnkostnaður og endurbætur	-	2.506	-
Fjármagnsliðir	-45	-76	-40,8%
Gjöld samtals	65.322	60.982	7,1%
Rekstrarniðurstaða	62	-85	

Fjárheimildir og rekstrartekjur ársins námu samtals 65.384 milljónum króna og rekstrargjöld 65.322 milljónum að teknu tilliti til fjármagnsliða. Á milli ára 2016 og 2017 hækkuðu rekstrargjöld spítalans um 7,1% og fjárheimildir, að meðtöldum sértekjum, um 7,4 % á verðlagi hvors árs.


Rekstrarafgangur Landspítala á árinu 2017 nam 62 milljónum króna.

Glæra 3

ÁRSVELTA LANDSPÍTALA		
<i>Fjárhæðir í milljónum króna</i>	2017	2016
<i>Fjárheimildir og sértekjur samtals</i>	65.384	60.897
<i>S-merkt lyf greidd af Sjúkratryggingum Íslands</i>	2.729	2.789
Velta	68.113	63.686

Heildarvelta Landspítala nam 68,1 milljarði að meðtalinni veltu vegna S merktra lyfja sem notuð eru á Landspítala en greidd af Sjúkratryggingum Íslands.

Glæra 4

REKSTRARREIKNINGUR				
<i>Fjárhæðir í milljónum króna</i>	2017	2016	Mism	
Fjárheimildir til rekstrar	65.384	60.897	7,4%	
- þar af rekstrartekjur	8.498	8.272	2,7%	
Launagjöld	48.415	43.552	11,2%	
Rekstrargjöld	16.167	15.000	7,8%	
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	785	-	-	
Stofnkostnaður og endurbætur	-	2.506	-	
Fjármagnsliðir	-45	-76	-40,8%	
Gjöld samtals	65.322	60.982	7,1%	
Rekstrarniðurstaða	62	-85		

Eins og áður segir hækkuðu fjárheimildir og rekstrartekjur alls um 7,4% milli ára. Þar af nema verðlagsbætur fjárlaga 4,4 prósentustigum eða alls 2,7 milljörðum króna. Hækkun rekstrartekna nam 2,7% eða 227 milljónum á verðlagi hvors árs.

Launagjöld eru langstærsti kostnaðarliðurinn, eða ríflega 74% af heildargjöldum. Nánar er fjallað um rekstrartekjur og launagjöld hér á eftir.

Rekstrargjöld önnur en laun, eru tæplega 25% heildargjalda og hafa hækkað um 7,8% milli ára eða um 1.167 milljónir króna. Meginskýring hækkunarinnar felst í sérstöku viðhaldi fasteigna sem áður taldist til stofnkostnaðar, en með nýjum lögum um opinber fjármál telst til rekstrargjalda. Sérstakt viðhald fasteigna var 1.062 milljónir króna á árinu 2017.

Þrátt fyrir aukna veitta þjónustu dróst kostnaður vegna lækninga-, hjúkrunar- og rannsóknarvara saman milli ára og lyfjakostnaður drógst umtalsvert saman. Hér endurspeglast árangur útboða og styrking krónunnar.

Kostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu hækkaði hins vegar milli ára enda hefur launaþróun á almennum markaði mikil verðáhrif á aðkeypta þjónustu, svo sem ræstingar og fleira.

Áður en ný lög um opinber fjármál tóku gildi voru varanlegir rekstrarfjármunir Landspítala gjaldfærðir sem stofnkostnaður. Árið 2017 er því fyrsta reiknings-skilaárið þar sem afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna eru færðar til gjalda í rekstrarreikningi. Þær nema rúmlega einu prósentu af heildargjöldum.

Fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld námu 45 milljónum.

Glæra 5

REKSTRARTEKJUR				
<i>Fjárhæðir í milljónum króna</i>	2017	2016	Mism	
Rekstrartekjur	8.498	8.272	227	
<i>Ýmis verkefni, fjármögnun ríkis af öðrum fjárlagaliðum</i>	1.457	939	518	
<i>Tekjur af ósjúkratryggðum sjúklingum</i>	872	697	175	
<i>Tekjufærðir styrkir til fjárfestinga</i>	6	304	-297	
<i>Aðrar rekstrartekjur</i>	6.164	6.332	-169	

Rekstrartekjur hækkuðu um 2,7% milli ára, eða um 227 milljónir króna á verðlagi hvors árs.


Rekstrartekjur frá ríki vegna fjármögnunar tiltekinna verkefna, hækkuðu milli ára um ríflega 500 milljónir króna. Í fyrsta lagi hækkaði framlag ríkisins til rekstrar biðdeildar á Vífilstöðum milli ára til samræmis við raunumfang rekstrarins. Í öðru lagi fjármögnun útskriftardeildar aldraðra á Landakoti sem var í formi fjárveitingar á árinu 2016 en í formi rekstrartekna á árinu 2017. Í þriðja lagi tók Landspítali við klínískum brjóstaskoðunum með samningi við Krabbameinsfélag Íslands í ársbyrjun 2017. Fjármögnun verkefnisins var í formi rekstrartekna en á móti koma aukin gjöld.

Tekjur af ósjúkratryggðum sjúklingum jukust frá fyrra ári um 175 milljónir króna vegna fjölgunar ferðamanna, en kostnaður hefur að sama skapi aukist.

Tekjufærðir styrkir til fjárfestinga lækka milli ára um tæplega 300 milljónir króna vegna breyttra reikningskilaaðferða.

Aðrar tekjur lækka um tæplega 170 milljónir króna milli ára. Hér er fyrst og fremst um að ræða þjónustutekjur á rannsóknardeildum og dag- og göngudeildum. Þrátt fyrir umtalsverða aukningu í starfsemi og gjaldskrárhækkunir milli ára, varð ekki hækkun á þeim lið, vegna breytinga á reglum um greiðsluþátttöku sjúklinga, sem tóku gildi í maí 2017. Hér hefur einnig áhrif lyfsala úr afgreiðsluapóteki Landspítalans, en verðmæti lyfsölu lækkar milli ára vegna styrkingar íslensku krónunnar.

Glæra 6

LAUNAGJÖLD			
<i>Fjárhæðir í milljónum króna</i>	2017	2016	Mism
Launagjöld	48.415	43.552	11,2%
<i>Dagvinnulaun</i>	26.802	24.547	9,2%
<i>Yfirvinna</i>	5.598	5.016	11,6%
<i>Álagsgreiðslur og önnur laun</i>	7.139	5.867	21,7%
<i>Launatengd gjöld</i>	8.875	8.123	9,3%
<i>Fjöldi starfsmanna á launum, meðaltal</i>	5.305	5.136	3,3%
<i>Ársverk (stöðugildi)</i>	4.073	3.954	3,0%


Launagjöld hækkuðu um 11,2% á milli ára. Dagvinnulaun hækkuðu um 9,2%. Þar hefur áhrif fjölgun greiddra ársverka um 3% og launahækkunar samkvæmt kjara- og stofnanasamningum.

Kostnaður vegna yfirvinnu hækkar um 11,6% eða talsvert meira en nemur launahækkunum enda hefur breytileg yfirvinna aukist talsvert frá fyrra ári.

Önnur laun hækkuðu töluvert meira milli ára en aðrir launaliðir. Kemur þar einkum tvennt til. Annars vegar afturvirkar hækkanir vegna kjarasamninga ríkisins sem undirritaðir voru á árinu 2018 svo og afturvirkar hækkanir vegna samkomulags ríkisins við ASÍ og BSRB um jafnlaunaþróun. Hins vegar er um að ræða kostnaðaráhrif vegna gjaldfærslu orlofs- og frítímaskuldbindinga í samræmi við ný lög um opinber fjármál, en árið 2017 er fyrsta reikningsskilaárið þar sem slíkar skuldbindingar eru bókaðar jöfnum höndum í takt við ávinnslu þeirra.

Launatengd gjöld hækka um 9,3% milli ára. Starfsmönnum fjölgaði um 3,3% en ársverkum um 3,0% eins og áður segir.

Glæra 7

EFNAHAGSREIKNINGUR – EIGNIR		
<i>Fjárhæðir í milljónum króna</i>		2017
<i>Varanlegir rekstrarfjármunir, tækjabúnaður</i>		5.946
<i>Hlutabréf</i>		3
	<i>Fastafjármunir samtals</i>	5.949
<i>Birgðir</i>		821
<i>Skammtímakröfur</i>		2.138
<i>Ríkissjóður</i>		1.228
<i>Ríkissjóður v. orlofsskuldbindingar</i>		5.147
<i>Aðrir veltufjármunir</i>		1.155
	<i>Veltufjármunir samtals</i>	10.489
	<i>Eignir samtals</i>	16.437

Varanlegir rekstrarfjármunir Landspítala voru áður gjaldfærðir sem stofnkostnaður í rekstrarreikningi. Við gildistöku og innleiðingu nýrra laga um opinber fjármál (LOF) var slík gjaldfærsla á kaupári lögð af og fjárfesting eignfærð og er afskrifuð á áætluðum notkunartíma. Varanlegir rekstrarfjármunir, sem keyptir voru á árunum 2011 til 2016, hafa verið endurmetnir og færðir til eignar. Gjaldfærsla stofnkostnaðar er sem sagt bakfærð og hlutirnir færðir til eignar og afskrifaðir á áætluðum notkunartíma. Fasteignir Landspítala eru ekki eignfærðar hjá spítalanum skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Krafa spítalans á ríkissjóð sýnir greiðslustöðu í lok árs, 1.228 milljónir króna. Þessi staða sýnir mismun á milli ríkisframlaga og greiðslna úr ríkissjóði til spítalans, þar á meðal vegna fjárfestingaframlags.

Skuldbinding spítalans vegna orlofs- og frítímaréttar starfsmanna í árslok 2016 var á þeim tíma ekki bókuð í efnahagsreikning sem skuldbinding vegna eldri reikningsskilareglna ríkisins. Við gerð stofnefnahagsreiknings Landspítala í upphafi árs 2017 samkvæmt nýju reglunum var þessi áfallna skuldbinding færð í efnahagsreikning. Hins vegar vantaði fjárveitingar á móti og því hefði höfuðstóll spítalans orðið neikvæður sem næmi nær 6 milljörðum króna ef ekki hefði verið gripið til aðgerða. Því er bókuð til bráðabirgða krafa á ríkissjóð vegna þessa samkvæmt fyrirmælum fjármálaráðuneytisins. Samkvæmt yfirlýsingu fjármálaráðuneytisins verður borin upp tillaga við vinnslu og afgreiðslu ríkisreiknings fyrir árið 2017 um fjárheimild á móti til að bæta ríkisaðilum þá neikvæðu stöðu sem uppfærsla skuldbindingarinnar myndaði.

Glæra 8

EFNAHAGSREIKNINGUR – EIGIÐ FÉ OG SKULDIR	
<i>Fjárhæðir í milljónum króna</i>	2017
<i>Höfuðstóll, neikvæður</i>	-725
<i>Frestuð framlög og tekjur til fjárfestinga</i>	5.099
<i>Aðrar langtímaskuldir</i>	75
<i>Langtímaskuldir samtals</i>	5.174
<i>Viðskiptaskuldir</i>	3.641
<i>Orlofsskuldbinding og frítímaréttur</i>	5.567
<i>Ógr. laun og launatengd gjöld</i>	1.162
<i>Aðrar skammtímaskuldir</i>	1.617
<i>Skammtímaskuldir samtals</i>	11.988
<i>Eigið fé og skuldir samtals</i>	16.437


Þrátt fyrir jákvætt eigið fé í árslok 2016 og tekjuafgang í rekstrarreikningi ársins 2017 er höfuðstóll spítalans neikvæður í árslok 2017. Megin skýring þeirrar neikvæðu stöðu er færsla launaskuldbindingar í lok árs 2016 í stofnefnahagsreikning 1. janúar 2017 að fjárhæð 784 millj.kr. Vegna eldri reikningsskilareglna var þessi skuldbinding óbókuð á árinu 2016. Engin fjárveiting hefur enn komið á móti færslu þessarar skuldbindingar.

Uppfærsla eldri fjárfestinga til eignar vegna árána 2011 til 2016 nam 5.115 millj.kr. Fjárfestingaframlag til spítalans á árinu 2017 nam um 1.468 millj.kr. og fjárfestingar ársins þar af um 1.306 millj.kr. Að auki komu til gjafir og styrkir til fjárfestinga. Til að tryggja samjöfnun tekna og gjalda í rekstrarreikningi á næstu árum er hér bókað til skuldar í efnahagsreikningi framlög og tekjur til að mæta afskriftum á næstu árum og nemur sú fjárhæð um 5.968 millj.kr. Skuldbinding spítalans vegna orlofs- og annarra áunninna frítímaréttinda starfsmanna í lok árs 2017 er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Gjaldfærsla í

rekstrarreikningi á sér stað við ávinnslu réttinda. Áður var skuldbindingin ekki bókuð til skuldar og gjaldfærsla ekki bókuð við ávinnslu, heldur átti sú færsla sér stað jöfnum höndum við úttekt frítímaréttarins síðar.

Eins og að framan er rakið hefur ársreikningur Landspítala tekið miklum breytingum frá því sem áður hefur verið. Þrátt fyrir erfið úrlausnarefni vegna innleiðingar nýrra reglna teljum við að vel hafi tekist til og að reikningsskilin gefi góða mynd af rekstri spítalans og af þeirri framsæknu og skilvirku starfsemi sem þar fer fram.

Glæra 9



Enn einu sinni hefur Landspítala tekist að halda rekstri sínum innan fjárheimilda en auka jafnframt framboð á þjónustu. Þetta ber að þakka starfsmönnum spítalans sem ekki aðeins sinna ærnum daglegum störfum heldur vinna jafnt og þétt að því að bæta þjónustuna, auka öryggi og efla gæði. Þessi vinna skilaði sér á

árinu 2017 til dæmis í glæsilegum árangri við að fækka spítalasýkingum, nýsköpunarverkefnum eins og opnun bráðalyflækningadeildar samkvæmt breskri hugmyndafræði sem leitt hefur til skemmri legutíma og, síðast en ekki síst, í frábærum árangri við að framfylgja biðlistaátaki stjórnvalda. Bið eftir meðferð er sjúklingum erfið og mikilvægt að hún sé sem styst. Vel gekk á árinu 2017 að stytta bið eftir þeim aðgerðum sem átakið náði til, það er gerviliðaaðgerða á hné og mjöðm, augnsteinaaðgerða og sérhæfðra kvensjúkdómaaðgerða. Þessi mynd sýnir þróun meðalbiðtíma sjúklinga á biðlistum viðkomandi sérgreina og þar má sjá að bið eftir augnaðgerð hefur farið úr 11 mánuðum í upphafi árs niður í 4,8 í lok árs og bið eftir bæklunaraðgerð úr 11 niður í 7,8 mánuði og bið eftir kvenskurðlækningum niður í 6 mánuði. Ef svo fer fram sem horfir mun bið enn styttest á þessu ári og þeim næstu vegna þess viðbótarrekstrar svigrúms sem stjórnvöld hafa skapað spítalanum hvað þessa þjónustu varðar.

Þessi mynd ásamt jákvæðri rekstrarniðurstöðu spítalans fyrir árið 2017 sýnir svo ekki verður um villst hagkvæma og árangursríka nýtingu fjármuna á Landspítala í þágu landsmanna allra.